

3

4. janúar

SAMÞYKT

um

breytingar á samþykkt 12. okt. 1920, um sýsluvegin **Svínvetningabraut**.

1. gr.

Aftan við 1. gr. samþykktarinnar bætist: „Og enn fremur frá túninu á Reykjum ofan á hlíðarbrautina við Svínavatn.“

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar breytist þannig:

1) Fyrir 1% í staflíð a. komi: $\frac{3}{4}\%$.

2) Á undan síðustu málsgrein komi:

„Eigandi Reykja og heimilismenn þar greiði aðeins hálf guld samkvæmt þessari grein, og eigandi Köldukinnar og heimilismenn þar $\frac{3}{4}$ gjalda, en heimilismenn í Marðarnúpselli fult guld eftir staflíðunum b. og c.“

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

4

4. janúar

SAMÞYKT

um

akfæran veg frá Hlíðará fram Svartárdal austan Svartár.

1. gr.

Svo fljótt sem því verður viðkomið skal leggja vagnfæran sýsluveg frá Hlíðará, fram Svartárdal að austan, að Bergsstöðum, og þaðan hreppaveg áfram fram dalinn að austan, svo fljótt sem ástæður leyfa.

2. gr.

4

Vegurinn skal vera 2—2,4 metr. að breidd, með hæfilega mörgum út-^{4. janúar}skotum, og vel vandaður að öllu. Brekkumegin við veginn skal vera það breiður bekkur, að breikka megi veginn síðar um $\frac{3}{4}$ —1,15 metr., þó þarf eigi bekk á hreppavegin og ekki útskot, að minsta kosti ekki framan til.

3. gr.

Þeim hluta af kostnaði við vegagjörð þessa, sem eigi fæst úr ríkissjóði eða sýslusjóði, skal jafnað þannig niður:

- a. Á hver 15 gjaldskyld jarðarhundrað eftir nýju mati á jörðum meðfram veginum og þar fyrir framan, komi að hámarki eitt dagsverk og hlutfallslega við það, hvert sem verð jarðarinnar er.
Gjald þetta greiði jarðeigendur.
- b. Eitt dagsverk á hvern verkfæran mann á samþyktarsvæðinu.
- c. Hin lögskipuðu skyldudagsverk á samþyktarsvæðinu. Þau dagsverk geta frambúar Svartárdals atíð krafist að lögð sjeu í hreppavegin.

4. gr.

Framkvæmd vegagerðarinnar, niðurjöfnun kostnaðar við hana, gjaldheimta og umsjón með veginum skal falin þriggja manna stjórn, er kosin sje til þriggja ára í senn af þátttakendum. Gengur einn úr árlega, tveir þeir fyrstu eftir hlutkesti. .

5. gr.

Skyldur er hver gjaldandi til vegarins að láta stjórnina vita fyrir lok marsmánaðar ár hvert, hvort hann ætlar að vinna eða borga tillag sitt, svo stjórnin geti í tíma ráðið menn til vinnu eftir þörfum.

6. gr.

Ef menn vinna ekki, en borga tillag sitt að nokkru eða öllu leyti, skal hvert dagsverk metið eins og það var borgað í landssjóðsvinnu árið áður.

7. gr.

Stjórnin kallar saman aðalfund ekki síðar en 14. febrúar ár hvert; eru þar rædd nauðsynleg mál, sem veginn varða. Fer þar fram kosning stjórnarinnar og endurskoðara vegareikninganna, sem stjórnin leggur endurskoðaða fyrir fundinn. Aðalfundur er lögmætur, sje hann boðaður með hálfsmánaðar fyrirvara.

Afl atkvæða ræður úrslitum.

Reikningsár er almanaksárið.

4

4. janúar

8. gr.

Stjórnin vinnur störf sín endurgjaldslaust, þó má hún reikna sjer sann-
gjarna þóknun fyrir ómak út af fjelagssvæðinu. Leggur aðalfundur úrskurð
á þá reikninga stjórnarinnar.

9. gr.

Skyldir skulu jarðeigendur að leyfa, að vegurinn sje lagður þar sem
vegamálastjóri og vegarstjórn ákveða.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, alt að 200 kr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28.
nóvember 1919, staðfestist hjermeð, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1923.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

5

4 janúar

REGLUGJÖRD

fyrir

rafveitu Akureyrar.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Akureyrar er fyrirtæki, sem bæjarstjórn Akureyrar stofnar til
á kostnað bæjarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana
til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

2. gr.

Stjórn rafveitumála.

Yfirstjórn rafveitumála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en fram-
kvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd, er bæjarstjórnin kys, ásamt rafveitu-
stjóra, sem bæjarstjórnin skipar eftir tillögum rafveitunefndar, og skal hann hafa
sjerþekkingu í raffræði. Bæjarstjórnin setur honum erindisbrjef.